

Heilbrigðisráðuneytið

Reykjavík, 24. september 2025.

## **Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, nr. 42/2007 (brottfall laga).**

Mannréttindastofnun Íslands fagnar því að unnið sé að því að efla þjónustu fyrir heyrnarskerta, heyrnarlaus, einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og fólks með talmein. Hins vegar vekur stofnunin athygli á mikilvægi þess að tryggja að engin skerðing verði á þjónustu og að nýtt heildarskipulag heyrnar- og talmeinaþjónustu sé að fullu tilbúið áður en Heyrnar- og talmeinstöð Íslands (HTÍ) er lögð niður.

Mikilvægt er að tryggja fötluðu fólki samfellda, heildstæða og einstaklingsmiðaða þjónustu, eins og endurspeglast m.a. í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027 Samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, eiga einstaklingar með fötlun rétt á þjónustu sem styður sjálfstætt líf, virkni og þátttöku í samfélagi. Þjónusta vegna heyrnarskerðingar, samþættrar sjón- og heyrnarskerðingar og talmeina þarf því að vera einstaklingsmiðuð, aðgengileg á landsvísu og tryggð með lögum. Að fella niður HTÍ án þess að tryggja fullbúna nýja skipan þjónustu getur skapað rof sem stangast á við fyrrnefnd lög og skuldbindingar Íslands samkvæmt 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

Að mati Mannréttindastofnunar Íslands þarf sérstaklega að tryggja að þjónusta sé aðgengileg á öllum stigum heilbrigðiskerfisins. Auk þess er mikilvægt að tryggja fræðslu á öllum stigum, svo heilbrigðisstarfsfólk, skólapijónusta og félagsþjónusta séu meðvituð um samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, heyrnarleysi og talmein og geti vísað einstaklingum áfram í rétt úrræði.

Mannréttindastofnun Íslands hvetur ráðuneytið til þess að huga sérstaklega að réttindum fatlaðs fólks samkvæmt SRFF við vinnslu frumvarpsins og heildarskipulag heyrnar- og talmeinaþjónustu. Má í því sambandi m.a. benda á 9. gr. um aðgengi að þjónustu, 19. gr. um réttinn til sjálfstæðs lífs, 24. gr. um menntun með nauðsynlegum stuðningi, 25. gr. um heilbrigði og 26. gr. um hæfingu og

endurhæfingu. Enn fremur þarf að tryggja fjölbreyttar tjáskiptaleiðir, þar á meðal táknmál, snertitáknmál, haptic-túlkun, ritað mál og blindraletur, sbr. m.a. 21. gr. SRFF.

Mannréttindastofnun Íslands tekur undir ábendingar sem fram hafa komið í umsögnum ÖBÍ réttindasamtaka og Fjólu - félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og leggur áherslu á að:

1. Nýtt skipulag þjónustu verði að fullu tilbúið áður en HTÍ er lögð niður.
2. Þjónusta verði tryggð á öllum stigum heilbrigðiskerfisins og á öllum æviskeiðum.
3. Breytingar verði gerðar á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Sjónstöðina til að tryggja samþætta þjónustu og koma í veg fyrir rof.
4. Aðgengi að þjónustu verði tryggt á landsvísu og að þjónusta skerðist ekki.
5. Fræðsla verði veitt öllum fagaðilum sem koma að þjónustunni, óháð stigi heilbrigðiskerfisins.
6. Hagsmunasamtök, þar á meðal Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp, Fjóla - félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og samtök fólks með talmein, taki virkan þátt í áframhaldandi mótun þjónustunnar.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda, auk þess sem stofnun hefur lögbundið eftirlit með framkvæmd SRFF. Er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um frumvarpið eða önnur málefni sem varða réttindi fatlaðs fólks með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri